



Reglur MSc-náms í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík

Reglur þessar eiga við um meistaranám í klínískri sálfræði. Um atriði sem ekki er tekið á í þessum reglum gilda reglur Háskólans í Reykjavík, þ.e. **almennar reglur um nám og námsmat**, **reglur um verkefnavinnu**, og **siðareglur HR**.

1. Prófgráður og forkröfur

Meistaranám í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík veitir prófgráðuna MSc í klínískri sálfræði. Gráðan er veitt að loknu 120 ECTS námi með fullnægjandi árangri. Inntökuskilyrði í námið er BA eða BSc gráða með a.m.k. 150 ECTS í sálfræði úr námi sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins eða sambærilegu námi erlendis frá. Einnig er skilyrði að umsækjandi hafi lokið við, að lágmarki 10 ECTS, BSc rannsóknarverkefni í sálfræði¹. Gerð er krafa um góða færni í íslensku og ensku. Nemendur eru valdir í námið eftir frammistöðu í grunnnámi í sálfræði, við inntöku er einnig horft til annarra þátta eins og meðmælalæra og greinargerðar, frekara náms og starfsreynslu á sviði sálfræði ef svo á við og frammistöðu í viðtali.

2. Uppbygging náms

72 ECTS - Námskeið (69 ECTS skyldunámskeið og 3 ECTS valnámskeið)

30 ECTS - Rannsóknarverkefni

18 ECTS - Verklegr þjálfun undir handleiðslu sálfræðings

3. Mæting í kennslustundir

Skyldumæting er í námið. Til að uppfylla skilyrði til að taka lokapróf eða skila inn lokaverkefni í námskeiði verður nemandi að hafa mætt í a.m.k. 80% kennslustunda.

¹ Í undantekningartilfellum getur viðamikil reynsla við akademískar rannsóknir með framúrskarandi árangri verið metin til jafns við BSc rannsóknarverkefni.

4. Námsframvinda

4.1 Lágmarkseinkunn, einkunnir eru gefnar í tölum á kvarðanum 0 – 10 og er lágmarkseinkunn í hverju námskeiði 6. Fyrir lokaverkefni og verklega þjálfun og einstaka námskeið er ekki gefin einkunn heldur staðið/fallið.

4.2 Námsstími, gert er ráð fyrir að nemandi ljúki námi á tveimur árum og skal nemandi hafa lokið MSc námi í síðasta lagi þremur árum frá síðustu innritun nema námsstjórn hafi veitt honum leyfi frá námi. Í slíkum tilfellum lengist tímafrestur sem leyfinu nemur (sjá reglur um **námshlé**). Ef námsstími er lengri en að framan greinir þarf nemandi að sækja um endurinnritun í námið. Endurinnritun felur í sér að nemandi þarf að sækja um skólavist að nýju og gilda þá reglur um **endurinnritun**.

5. Hlutanám

Ekki er boðið upp á hlutanám nema í undantekningartilfellum. Meðal ástæðna sem réttlætt geta hlutanám eru erfiðar aðstæður t.d. vegna veikinda eða slysa. Beiðni um hlutanám skulu fylgja fullnægjandi gögn sem sýna að gildar ástæður séu fyrir henni. Með beiðni um hlutanám ber jafnframt að skila námsáætlun svo unnt sé að meta hvernig námi umsækjanda verður háttað og hvort áætlunin sé raunhæf.

6. Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið

Nemandi getur skráð sig í 33 ECTS á önn að hámarki. Námsstjórn sálfræðisviðs getur heimilað nemanda að skrá sig í eitt námskeið umfram hámark, óski nemandi eftir slíkri heimild skal rökstudd beiðni send til verkefnastjóra námsins.

7. Reglur um próftöku

Nemendum er heimilt að sitja hvert námskeið tvisvar og þreyta þau próf sem í boði eru í bæði skiptin. Að sitja námskeið þýðir að nemandi er skráður í námskeið eftir að frestur um úrsögn er liðinn. Nemendur sem sitja námskeið í annað sinn verða að skila öllum verkefnum námskeiðsins að nýju og geta ekki fengið verkefni metin á milli anna. Standist nemandi ekki námskeið eftir setu í annað sinn, telst hann fallinn úr námi. Ber honum þá að sækja um endurinnritun í námið vilji hann stunda það áfram (sjá grein fyrir neðan). Nánari reglur um próf og próftöku má sjá í **náms- og prófareglum HR**.

8. Endurinnritun

Uppfylli nemandi ekki framangreind lágmarksskilyrði um námsframvindu samkvæmt reglum deildarinnar, fellur réttur hans til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í námið. Umsókn um endurinnritun skal vera skrifleg og send til verkefnastjóra námsins. Sé nemanda veitt slík heimild heldur hann, sé þess óskað, einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 7,0 eða hærri. Sama gildir um nemendur sem hafa hætt námi og kjósa að hefja nám að nýju. Sálfræðisvið áskilur sér þann rétt að synja nemendum um endurinnritun.

9. Námshlé

Nemandi getur sótt um að gera hlé á námi sínu. Beiðninni skulu fylgja fullnægjandi gögn sem sýna að gildar ástæður séu fyrir henni. Meðal þeirra ástæðna sem réttlætt geta námshlé eru t.d. barnseignir eða veikindi. Með umsókn þarf t.d. að berast læknisvottorð ef sótt er um námshlé vegna veikinda. Sækja þarf um námshlé fyrir upphafsdag viðkomandi annar og skal umsókn send til verkefnastjóra námsins. Námshlé er veitt fyrir eina önn í senn en hámarkstími námshlés er eitt ár.

10. Mat á fyrra námi

Hafi nemandi lokið námskeiðum í framhaldsnámi á háskólastigi sem eru fullilega sambærileg þeim námskeiðum sem í boði eru í MSc námi í klínískri sálfræði við HR, gefst honum kostur á að óska eftir því að fá námskeiðin metin.

Umsækjendur geta ekki átt von á að námskeið sem tekin voru fyrir meira en 4 árum og námskeið með lægri einkunn en 7,0 fái metin. Mat á fyrra námi getur aldrei numið meiru en 36 ECTS, starfsnám og MSc rannsóknarverkefni er ekki metið.

Nemendur þurfa að fylla út **umsóknareyðublað** og skila inn ásamt viðeigandi fylgigögnum til verkefnastjóra. Þar þarf að koma fram hvaða námskeið frá fyrra námi umsækjandi sækir um að fá metin og nöfn námskeiða sem eru sambærileg í náminu í HR.

Mat á fyrra námi er ekki framkvæmt fyrr en formleg umsókn um nám í HR hefur verið samþykkt og skólagjöldin hafa verið greidd.

Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn

- Útfyllt umsóknareyðublað.
- Staðfest afrit af einkunnum frá viðkomandi háskóla, bæði á íslensku og ensku.
- Námskeiðslýsingar frá viðkomandi háskóla frá því ári sem námskeiðin voru tekin.

Beiðni um mat á fyrra námi skal senda til verkefnastjóra sálfræðisviðs sem leggur umsóknina fyrir námsstjórn. Eftir umfjöllun í námsstjórn sendir verkefnastjóri umsækjendum niðurstöðu námsstjórnar.